

Hversu hratt mun Reykjavík vaxa?

+25.000 íbúar

+14.500 íbúðir

Fækkun íbúa á heimili

(breytt fjölskyldumynstur; meðaltal 2,4 árið 2008 í 2,24-2,25 árið 2030)

8% fjölgun 49 ára og yngri

(4% fyrir landið í heild)

50% fjölgun 50 ára og eldri

(44% fyrir landið í heild)

+18.000 störf

+1.000.000 m² atvinnuhúsnæðis

50-60 þúsund m² atvinnuhúsnæðis á ári

Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa.

Innan hvers hverfis verði fjölbreytt framboð húsagerða, minni og stærri íbúða í fjölbýli og sérbýli, til að tryggja félagslega fjölbreytni hverfanna. Til skemmri tíma verði sérstök áhersla á að auka framboð smærri íbúða

Stefnt verði að því að allt að 25% íbúða verði miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið fé í eigið húsnaði. Uppbygging slíks húsnaðis verði einkum á miðlægum svæðum þar sem auðvelt er þjóna með góðum almenningssamgöngum.

Við mat á uppbyggingu íbúðarhúsnaðis verði ávallt tekið mið af félagslegri stöðu viðkomandi hverfis og markmiðum húsnaðisstefnu fyrir borgina í heild.

Stefna um framboð húsagerða og búsetukosta taki mið af þróun samfélagsins og húsnaðismarkaðarins á hverjum tíma, s.s. varðandi fjölskyldustærðir, aldersbreytingar, stöðu á byggingarmarkaði og efnahagsþróun

Húsnaðisstefnan byggi á markmiðum um sjálfbæra þróun og hagkvæma uppbyggingu borgarinnar.



Vistvænar samgöngur. Megin markmið



75% → **58 %**



4% → **12%**



21% → **30%**

Viljayfirlýsingin tekur til;

Að Alþýðusamband Íslands vinni að stofnun og fjármögnun almenns íbúðafélags til að hefja uppbyggingu eitt þúsund leiguíbúða fyrir fjölskyldur og einstaklinga í Reykjavík á næstu fjórum árum, en félagið mun starfa á landsvísu.

Að Reykjavíkurborg gefi vilyrði um úthlutun á lóðum til að reisa leiguíbúðir og/eða byggingarrétti í fyrirhuguðum Reykjavíkurhúsunum til fyrirhugaðs íbúðafélags á vegum Alþýðusambands Íslands.

Reykjavíkurborg stefnir að því að úthlutað verði lóðum fyrir uppbyggingu 1.000 almennra íbúða (leiguíbúða) á grundvelli væntanlegra laga frá Alþingi feli í sér stofnframlag Reykjavíkurborgar til uppbyggingarinnar, í samræmi við ákvæði fyrirhugaðra laga.

árið 2016 verði úthlutað lóðum fyrir 150 íbúðir

árið 2017 verði úthlutað lóðum fyrir 250 íbúðir

árið 2018 verði úthlutað lóðum fyrir 300 íbúðir

árið 2019 verði úthlutað lóðum fyrir 300 íbúðir.

Hluti þessara íbúða getur risið sem hluti af verkefnum undir merkjum Nýju Reykjavíkurhúsanna. Fyrirvari er hafður um fjölda íbúða og hraða úthlutana ef ekki fást stofnframlög til verkefnanna, en endanleg veiting stofnframlaga er háð samþykkt umsókna um stofnframlög, annars vegar af hálfu Reykjavíkurborgar og hins vegar Íbúðalánasjóðs, skv. ákvæðum væntanlegra laga um almennar íbúðir og reglum þar um.

Við uppbygginguna skal horfa til leiðarljósa Nýju Reykjavíkurhúsanna, sem nánar verði útfærð í samvinnu aðila og leiðarljóss um félagslega blöndun, yfirbragð, íbúalýðræði og hönnun. Jafnframt skal huga að félagslegri blöndum í tengslum við hvert verkefni.



Nýju Reykjavíkurhúsin eru hagkvæm íbúðarhús fyrirhugað er að byggja á þéttingarreitum miðsvæðis um borgina á næstu árum. Um er að ræða leiguíbúðir fyrir einstaklinga og félagasamtaka til áframleigu.

Í hver húsi verður lögð áhersla á að blanda saman ólíkum einstaklingum, á ólíkum lífsskeiðum með ólíkan bakgrunn. Leitast verður við að fara nýjar og skapandi leiðir í hönnun og útfærslu húsanna með það að leiðarljósi að auka visthæfi þeirra en einnig er markmið að efla félagsauð íbúanna. Það verður gert m.a. með að skoða möguleika á sameignarrýmum, borgarbúskap, samnýtingu samgöngutækja, samvinnu um minniháttar viðhald og rekstur.

Íbúar nýju Reykjavíkurhúsanna munu sitja í stjórn húsfélags þeirra og munu því koma beint að stjórnun þeirra og þróun á hugmyndafræðinni sem liggur að baki hverju húsi.


Innan nýju Reykjavíkurhúsanna verður gjarnan rekin þjónusta og atvinnustarfsemi sem bæði getur þjónað íbúum hússins og í einhverjum tilvikum verið vinnustaður þeirra .

Reykjavíkurhúsin verða á svæðum sem liggja vel við almenningssamgöngum en gert verður ráð fyrir fáum einkabílastæðum. Komið verði fyrir yfirbyggðum hjólaskýlum og athugaðir möguleikar á því að sameiginlegir rafbílar fylgi húsunum. Vandað verði til lóðarhönnunar og útsvæða húsanna.

Endanleg útfærsla Reykjavíkurhúsanna mun byggja á niðurstöðum opinnar hönnunarsamkeppni.



2016	Spöngin/Móavegur	80	
	Urðarbrunnur	60	
	Kirkjusandur	60	200
2017	Úlfarsárdalur	100	
	Skerjafjörður	100	
	Árbær	50	
	Bryggjuhverfi	80	320
2018	Árbær – Brekknaás	80	
	Reynisvatnsás	50	
	Háaleiti	40	
	Úlfarsárdalur	50	220
2019	Elliðaárvogur	160	
	Sóleyjarrimi	40	
	Bryggjuhverfi	60	260
			1000







Fremtidens hus



Fremtidens boligform for familien i bevægelse

Vi giver her et bud på fremtidens hus som vi har lavet i samarbejde med vores arkitekt Karina Søgaard fra Novaform. Fremtidens boligform skal ses som et valgfrit supplement til vores faste koncept.

Vores hus og bolig er fundamentet for vores alle sammens liv. For mange familier, så er livet aktivt og konstant i bevægelse, mens boligen ofte er passiv og stillesående. Dette ændres med EREMIT, som er vores bud på hvordan fremtidens hus kan se ud.

Fremtidens hus er skabt og bygget til familier i bevægelse.

Hvad hvis I nu lige pludselig får brug for et børneværelse mere, eller et teenagerværelse, kontor eller lignende? EREMIT giver stor fleksibilitet og mobilitet, som gør at du har muligheder, som man ellers ikke har i traditionelle huse, hvor man er fastlåst.



Íbúð til framtíðar.

Reykjavíkurborg býður til workshop/vinnustofu vegna uppbyggingar 1000 nýrra leiguíbúða í borginni í samvinnu við Almenna íbúðafélagið sem er félag í eigu ASÍ og BSRB.

Vinnustofan verður haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur, laugardaginn 15. október frá kl. 10 – 14.

Örfyrirlestrar á klukkutíma fresti frá Rögnu Benediktu Garðarsdóttur félagssálfræðingi, Dagnýju Bjarnadótturlandslagsarkitekt, Hjördísi Sóleyju Sigurðardóttur og Hildi Ýr Ottósdóttur arkitektum, Páli Líndal umhverfissálfræðingi og Drífu Kristínu Þrastardóttur verkefnastjóra húsverndar Borgarsögusafns.

Spurt verður: *hvað skilgreinir góða íbúð, hvar á hún að vera og í hvernig samfélagi?*

Markmið með vinnustofunni er að fá efni og hugmyndir til áframhaldandi vinnu vegna uppbyggingar leiguíbúða Almenna íbúðafélagsins. Hádegisverður í boði



Verkamannabústaðirnir við Hringbraut, byggingu lokið 1932

Í verkamannabústöðunum var rennandi vatn, hiti, baðkör og vatnssalerni sem var nýlenda þess tíma. Hugsunin var samfélagsleg – garðar til ræktunar, leiksvæði, þjónusta – sjálfbærni.

Menning og nærþjónusta á næstu götuhornum.

Helstu arkitektar samtímans hönnuðu húsin sem enn eru eftirsótt til búsetu enda vönduð og vel við haldið.

Fjárfesting í gæðum borgar sig.



Samkeppni

Framsæknar lausnir – fyrirmyndir og fordæmi, tækni, sjálfbærni, rekstrarhagkvæmni, sveigjanleiki, gæði,

Deilisamfélag

Niðurstöður yrðu hluti af forsendum hönnunarsamkeppni um næstu kynslóð fjölbýlishúsa þar sem sjálfbærni, snjalltækni og spennandi hönnun væru leiðarljósið. Hagkvæmni yrði hluti forsenda og þyrftu keppendur að skila nákvæmum kostnaðaráætlunum.

Markmiðið væri að niðurstaðan birtist sem nokkrar tegundir fyrirmyndarfjölbýla eða hlaðborð valkosta sem hægt væri að aðlaga að umhverfi og aðstæðum hverju sinni og velja úr gerðum og samsetningum eftir því sem best passar.

